

**Nd.**

**503. Frumvarp til laga**

[240. mál]

um breytingu á útvarpslögum, nr. 19/1971.

Flm.: Jón Baldvin Hannibalsson.

1. gr.

Á eftir 7. gr. gildandi laga komi nýr kafli, auðkenndur II., undir fyrirsögninni: **Réttur til útvarps**. Númeraröð kafa og greina breytist í samræmi við það.

II KAFLI

**Réttur til útvarps.**

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. má veita öðrum aðilum leyfi til útvarps. Skal starfa sérstök nefnd, útvarpsréttarnefnd, sem veitir slík leyfi samkv. 3.—6. gr. þessara laga og fylgist með að reglum þeirra sé fylgt.

Útvarpsréttarnefnd skipa 7 menn. Skulu þeir ásamt jafnmörgum varamönnum kosnir hlutfallskosningu á Alþingi, eftir hverjar alþingiskosningar. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna kjörnu nefndarmanna.

9. gr.

Með útvarpi, hljóðvarpi eða sjónvarpi, er í lögum þessum átt við hvers konar opinbera dreifingu dagskrárefnis með rafsegulöldum, hvort heldur í tali, tónum eða myndum, um þráð eða þráðlaust.

Það telst eigi útvarp í skilningi laga þessara ef útsending nær aðeins til þröngs hóps manna, sem tengdir eru nánum vináttu- eða fjölskylduböndum, eða eingöngu er um að ræða sendingu upplýsinga og boða innan húsakynna fyrirtækis eða stofnunar, svo sem í sjúkrahúsum, gistihúsum, skólum eða verksmiðjum.

10. gr.

Útvarpsréttarnefnd getur veitt sveitarfélögum og félögum, sem til þess eru stofnuð, tímabundið leyfi til útvarps til viðtöku almennings á afmörkuðum svæðum.

Slík leyfi eru háð eftirfarandi almennum skilyrðum:

1. Útvarpa má eingöngu á metra- og desimetrabylgjum samkv. úthlutun Póst- og símamálastofnunarinnar á senditíðnum í samræmi við alþjóðasamþykktir. Póst- og símamálastofnunin gefur út leyfisbréf, þar sem kveðið er á um tíðni og útgeislað afl stöðvar. Aðrir tæknilegir eiginleikar sendistöðva skulu vera í samræmi við reglugerð, sem Póst- og símamálastofnunin setur og framfylgir.
2. Sveitarstjórnir á svæðum, þar sem stofna skal útvarpsstöð, mæli með veitingu leyfis.
3. Óheimilt er að veita erlendum aðilum leyfi til útvarpsreksturs.
4. Útvarpsstöðvar skulu stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu.

Útvarpsstöðvar, er leyfi fá til útvarps, skulu í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Þeim ber að virða tjáningarfrelsi og stuðla að því, að fram komi í dagskrá rök fyrir mismunandi skoðunum í umdeildum málum.

Peir aðilar, einstaklingar, félög eða stofnanir, sem telja að útvarpsstöð hafi ekki uppfyllt framangreind skilyrði gagnvart þeim og synjað þeim um að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í dagskrá með hætti, sem þeir vilja við una, geta lagt málið fyrir útvarpsréttarnefnd. Nefndin skal þá eins fljótt og við verður komið fella úrskurð um kæruefnið og er þá sá úrskurður bindandi fyrir málsaðila.

5. Útvarpsstöðvum er óheimilt að senda út efni, sem ekki hefur verið aflað leyfis eða útsendingarréttar höfundaréttthafa fyrir.
6. Um eftirlit með dagskrárefni fer eftir gildandi lögum og reglum þar um. Útvarpsstöðvar bera ábyrgð á því efni, sem þær senda út, í samræmi við lög um vernd barna og ungmenna, hegningarlög eða önnur lög, eftir því sem við á.
7. Útvarpsstöðvar, sem leyfi fá til útvarps, skulu gera útvarpsréttarnefnd grein fyrir þeirri dagskrárstefnu, sem fyrirhuguð er. Ef óskað er skal einnig láta í té dagskrá á böndum. Áður en útvarpsstöð tekur til starfa skulu fyrirsvarsmenn hennar tilkynna útvarpsréttarnefnd, hver sé útvarpsstjóri, er beri ábyrgð á útvarpsefni skv. V. kafla útvarpslaga. Breyting í þeim efnum skal og tilkynnt útvarpsréttarnefnd.
8. Óheimilt er að aðrir aðilar en félag það, sem leyfi hefur til útvarpsreksturs, kosti almenna dagskrárgerð viðkomandi útvarpsstöðvar, þótt ekki gildi það um einstaka dagskrárliði.
9. Gerður skal samningur milli útvarpsréttarnefndar og útvarpsstöðvar, er leyfi fær, þar sem nánar er kveðið á um félagsform, reglur, tímalengd samnings og upphæð leyfisgjalds. Hann skal enn fremur kveða á um fjárhagslega ábyrgð svo og eftirlit með fjárreiðum og dagskrárefni viðkomandi stöðvar.

#### 11. gr.

Útvarpsstöðvar, er fengið hafa leyfi til þráðlausra útsendinga, sbr. 10. gr., skulu hafa leyfi til að afla fjár til dagskrárgerðar með auglýsingum.

Útvarpsréttarnefnd gefur út reglur um auglýsingar, m. a. með hliðsjón af lengd dagskrár viðkomandi stöðva og samanburði við hlut auglýsinga og reglur um flutning í dagskrá Ríkisútvarpsins.

Útvarpsréttarnefnd ákveður auglýsingartaxta með hliðsjón af tillögum viðkomandi útvarpsstöðva svo og gildandi töxtum Ríkisútvarpsins og annarra fjölmiðla á svæði þeirra. Rísi ágreiningur í þessu efni milli útvarpsréttarnefndar og Ríkisútvarpsins, skal vísa honum til úrskurðar menntamálaráðuneytisins.

Sé þráðlausum útsendingum svo háttáð, að einungis áskrifendur með sérstakan útbúnað ná þeim, er slíkum útvarpsstöðvum óheimilt að birta auglýsingar í dagskrá.

#### 12. gr.

Fyrir útvarp með þráð gilda eftirfarandi reglur sérstaklega, sbr. þó skilyrði í 3. gr.

1. Leyfi til útvarps um þráð er háð því, að viðkomandi sveitarstjórnir heimili lagningu þráðar um lönd sín.
2. Lagning og not þráðar í því skyni eingöngu að dreifa viðstöðulaust útvarpi útvarpsstöðva óbreyttu er aðeins háð skilyrðum 1. tölul. þessarar greinar, en ekki öðrum skilyrðum 10. eða 12. gr. Samgönguráðuneytið skal setja reglur um gerð slíkra kerfa og eftirlit með þeim. Áskilja má að notkun þessara kerfa sé háð leyfi Póst- og símamálastofnunar.
3. Útvarpsstöð, er leyfi fær til útsendingar um þráð, er óheimilt að birta auglýsingar í dagskrá, en getur innheimt afnotagjöld.
4. Útvarp um þráð er ekki háð skilyrðum í 2., 4., 7. og 9. tölulið 10. gr., sé móttaka bundin við 36 íbúðir eða færri. Sama gildir innan stofnunar (t. d. sjúkrahúsa, skóla eða gistihúsa) eða vinnustaða.
5. Heimilt er að senda hvers konar upplýsingar um símakerfi til landsins til almennrar móttöku.

13. gr.

Móttaka eða sending útlvarpsefnis um gervihnött milli fastra stöðva er háð samningi sendanda og móttakanda og samþykki Póst- og símamálastofnunar. Öðrum aðilum er óheimil móttaka slíkra sendinga.

Heimil er öllum móttaka dagskrár sem send er um gervihnetti gagnert til dreifingar til almennings.

Dreifing þráðlaust eða um þráð á dagskrá, sem komin er til móttökustöðvar um gervihnött, er óheimil nema með samningi við viðkomandi útlvarpsstöð, er dagskrána sendi, og með samþykki Póst- og símamálastofnunar. Útlvarpsstöð, sem einungis dreifir efni, sem móttekið er um gervihnött, er háð skilyrðum 10. og 12. gr. laga þessara, eftir því sem við á. Þó eru auglýsingar, sem fylgja dagskrá um gervihnött, heimilar, brjóti þær ekki í bága við íslensk lög.

14. gr.

Heimilt er með reglugerð að setja nánari ákvæði um framkvæmd ákvæða 10.—13. gr. Útlvarpsréttarnefnd getur afturkallað leyfi til útlvarps, séu reglur brotnar.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Alþingi skal þegar í stað kjósa útlvarpsréttarnefnd, sbr. 8. gr. Starfstími hennar skal fyrst um sinn vera tvö ár, sbr. þó 8. gr.

Leyfi til útlvarps, sem veitt verða í fyrsta sinn samkv. ákvæðum 10. gr., má ekki veita til lengri tíma en tveggja ára.

Lög þessi skal endurskoða innan tveggja ára frá setningu þeirra.

**Greinargerð.**

1. Hinn 23. september 1981 skipaði menntamálaráðuneytið nefnd til þess að endurskoða útlvarpslög, nr. 19/1971. Í nefndinni áttu sæti: Markús Á. Einarsson, veðurfræðingur, sem skipaður var formaður nefndarinnar, Andrés Björnsson, útlvarpsstjóri, Benedikt Gröndal, fyrrv. forsætisráðherra, Ellert B. Schram, ritstjóri, Kristján J. Gunnarsson, fræðslustjóri, Ólafur R. Einarsson, menntaskólakennari, og Vilhjálmur Hjálmarsson, formaður útlvarpsráðs.

Í október 1982 skilaði nefndin álit til menntamálaráðherra. Í þessari álitgerð lagði nefndin fram drög að frumvarpi til nýrra útlvarpslaga, ásamt almennri greinargerð og skýringum við einstakar greinar. Auk þess var í viðauka birt sérálit einstakra nefndarmanna. Jafnframt fylgdu fylgiskjöl, m. a. um tækniþróun í hljóðvarps- og sjónvarpsmálum og yfirlit um skipan útlvarpsmála í nálægum löndum.

2. Aðalatriðið í tillögum útlvarpslaganefndar er þetta: Lagt er til að ákvæði 2. gr. útlvarpslaga um einkarétt Ríkisútlvarpsins verði afnumið. Heimilt verði að veita fleiri aðilum leyfi til útlvarps (en með útlvarpi er í frumvarpinu átt við hvort tveggja, hljóðvarp og sjónvarp). Jafnframt fylgja ítarleg ákvæði um það, með hvaða skilyrðum slík leyfi verði veitt. Lagt er til að útlvarpsréttarnefnd, skipuð 7 mönnum kjörnum af Alþingi, sjái um leyfisveitingar og alla framkvæmd þess.

3. Aðspurður um það, hvers vegna hann hafi ekki lagt frumvarpsdrög útlvarpslaganefndar fyrir Alþingi, hefur menntamálaráðherra borið við andstöðu í eigin flokki og innan ríkisstjórnarinnar. Flutningsmaður þessa frumvarps er ósáttur við þá afstöðu ráðherra, þar sem hér er um mjög brýnt mál að ræða. Íslensk stjórnvöld hafa reynst

óviðbúin þeirri tæknibyltingu, sem nú á sér stað í útvarps- og sjónvarpsmálum. Þetta frumvarp er tilraun til að leysa með löggjöf vandamál, sem upp eru komin í þjóðfélaginu, af þeim sökum. Frumvarpið gerir ráð fyrir að gerðar verði tilraunir um nýja skipan þessara mála og þannig reynt að stýra þróuninni, fremur en að hrekjast undan henni. Þess vegna er þetta frumvarp flutt.

Frumvarpsdrög útvarpslaganefndar eru í sex köflum: 1. Um rétt til útvarps. 2. Um Ríkisútvarpið sérstaklega. 3. Um fjármál Ríkisútvarpsins. 4. Um dreifingu og réttindi. 5. Um ábyrgð á útvarpsefni. 6. Ýmis ákvæði. Það er 1. kaflinn, um rétt til útvarps, sem geymir flest nýmæli og brýnast er að löggjafarvaldið taki afstöðu til. Hinir kaflarnir samsvara að mestu ákvæðum eldri laga. Þess vegna er ekki eins brýnt að leggja endurskoðun þeirra fyrir Alþingi.

4. Hér er sá kostur valinn að flytja óbreyttan 1. kafla frumvarpsdraga útvarpslaganefndar, kaflann sem fjallar um rétt til útvarps. Aðalatriði þessa kafla er afnám einkaréttar Ríkisútvarpsins á rekstri útvarps. Jafnframt eru í þessum kafla sett fram ítarleg ákvæði um það, með hvaða skilyrðum öðrum aðilum verði veitt leyfi til útvarps, hljóðvarps eða sjónvarps. Það er m. ö. o. gerð tilraun til að móta stefnu í málinu, stýra þróuninni, fremur en stöðva hana.

5. Skv. skýrslu myndbandanefndar til menntamálaráðherra (dags. 4. des. 1981) er það hafið yfir allan vafa, að dreifing efnis í stórum stíl af myndböndum um myndbandakerfi brýtur í bága við íslensk lög. Þessi starfsemi varðar við útvarpslög (einkaréttur Ríkisútvarpsins), í mörgum tilvikum er talið að eigi sér stað „stórfelld brot á höfundarétti“, á fjarskiptalögum, hegningarlögum, lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti og lögum um vernd barna og ungmenna. Álitamál er, hvort sumt af þessari starfsemi brjóti í bága við VI. kafla síðastgreindra laga um kvikmyndaefirlit. Að minnsta kosti getur komið til álita refsíábyrgð, t. d. skv. 210. gr. almennra hegningarlaga og ákvæðum laga um vernd barna og ungmenna, að mati myndbandanefndar. Nefndin telur einnig að útsendingar „af þessu tagi“ séu „háðar eftirliti barnaverndanefnda, sbr. 43. gr. laga um vernd barna og ungmenna“.

Það er eitt út af fyrir sig stórlega ámalisvert, að ædstu yfirvöld mennta- og dómsmála skuli uppvis að því að bregðast þeirri frumskyldu sinni að framfylgja settum lögum. Upplýst er að íslensk stjórnvöld hafa a. m. k. á þriðja ár látið átölu- og afskiptalaust að gildandi lög séu þverbrotin í mörgum greinum.

6. Skv. gildandi lögum bar stjórnvöldum að stöðva þá þróun, sem orðin er í myndbandavæðingu og kaplasjónvarpi. Hinn kosturinn var sá að breyta lögum og freista þess að laga þau að gerbreyttum aðstæðum. Tillögur útvarpslaganefndar stefna í þá átt. Verði þær tillögur að lögum er fengin lagaheimild fyrir afnámi einkaréttar Ríkisútvarpsins. En hvort heldur um er að ræða staðarútvarp eða lokuð sjónvarpskerfi ber að sækja um leyfi fyrir slíkri starfsemi. Þau leyfi eru veitt að uppfylltum lágmarksskiilyrðum. Þar með er mótuð stefna í stað stjórnleysis, stefnt að auknu frjálsræði með ábyrgð.

7. Þetta er sú leið sem flutningsmaður þessa frumvarps telur að eigi að fara. Fyrstu skrefin átti að stíga fyrir löngu. Það mátti öllum ljóst vera, sem fylgdust með þróun þessara mála í grannlöndum okkar. Hinn kosturinn er sá að hefja allsherjarmálaferli gegn þeim, sem nú hafa gerst brotlegir við úrelt lög, og reyna þannig með valdboði að stöðva þróun, sem ekki verður stöðvuð og ástæðulaust er að reyna að stöðva.

Sem nánari greinargerð með þessu frv. er vísað til álits útvarpslaganefndar frá því í október 1982, bæði almennrar greinargerðar og skýringa við einstakar lagagreinar. Sérstök ástæða er til að vekja athygli á fylgiskjölum með áliti útvarpslaganefndar, einkum: Fylkir Þórisson: Staða og hugsanleg framvinda í hljóðvarps- og sjónvarpstækni (fylgiskjal III), og Markús Á. Einarsson: Lauslegt yfirlit um skipan útvarpsmála í nálægum löndum (fylgiskjal IV).